

87 ráðuneytisins í síðasta lagi hinn 20. okt. þ. á. og atkvæðum skilað í síðasta lagi 15. sept. hinn 5. nóvember þ. á.

Reglur þessar öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. september 1931.

Ásgeir Ásgeirsson.

Páll Pálmason.

88 Staðfesting konungs á skipulagsskrá um „Minning Jóns Magnússonar og 16. sept. Þorgerðar Hannesdóttur, Stóra-Áss hjóna“, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 16. sept. 1931.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Minningu Jóns Magnússonar og Þorgerðar Hannesdóttur, Stóra-Áss hjóna.

Áður en maðurinn minn dó, Bjarni Daðason fyrr bóndi á Uppsölum, höfðum við ákveðið að gefa Stóra-Áss kirkju gjöf til minningar um foreldra mína, Jón Magnússon hreppstjóra og Þorgerði Hannesdóttur konu hans, sem bjuggu alla sína tíð í Stóra-Ási, og hvíla þar nú dæin í kirkjugarði.

Um þetta er hér svo látandi skipun gerð:

Stofna skal sjóð með nafni: „Minning Jóns Magnússonar og Þorgerðar Hannesdóttur Stóra-Áss hjóna“, og er sjóðurinn eign Stóra-Áss kirkju. Stofnféð er 1000 krónur. Það skal ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands, 500 krónur í Aðaldeild og 500 kr. í Útborgunardeild. Af vöxtunum í Aðaldeild leggist helmingur við innstæðuna þar, einn fjórði leggist við innstæðuna í Útborgunardeild, og einum fjórða skal sóknarnefnd safna í sérstakan sjóð í Sparisjóði Landsbankans og verja því fé til að styrkja sérstakar búningsbætur kirkjunnar svo sem upphitun og raflýsingu, en annars til viðgerðar og viðhalds kirkjunnar. Þegar Stóra-Áss kirkja verður endurbyggð, má verja til byggingarinnar allri innstæðunni, sem orðin er þá í Útborgunardeild, eftir uppsögn með löglegum fyrirvara. En jafnframt skal þegar fara að safna í nýjan viðskiptadálk í Útborgunardeild á sama hátt og áður segir. Má sóknarnefnd jafnan síðan taka út það fé, sem

þannig safnast í Útborgunardeild, eftir uppsögn með löglegum fyrirvara, og verja því til kirkjunnar, svo sem á hverjum tíma þykir bezt við eiga, meðal annars stofna til endurbyggingarsjóðs, sem þá skal ávaxta í Söfnunarsjóðnum. 88
16. sept.

Ég ætlast til, að sóknarmenn leggi aldrei niður að greiða lögboðin og venjuleg gjöld árlega til kirkjunnar. En ef þar skyldi koma síðar, að lögmetar og venjulegar tekjur kirkjunnar að viðbættum arði sjóðsins (í báðum deildum Söfnunarsjóðs) geri betur en nægja til þarfa kirkjunnar, þá skal leggja afganginn jafnóðum inn á nýjan viðskiptadálk í Aðaldeild Söfnunarsjóðsins með þeim skilmálum að eitthvað af vöxtunum leggist þar ætíð við höfuðstól auk nýnefndra afganga, en að öðru leyti megi taka út vextina árlega. Því fé skal þá verja til hjálpar eða glaðningar einhverjum, sem eiga bággt, í sókninni eða Hálsahreppi, eða og til styrktar einstaklingum, eða stofnunum eða fyrirtæki, sem horfa þykir til kristilegra þrifa og menningar og manndómsanda í sveitinni.

Eftir þessari skipun er stjórn minningarsjóðs þessa falin sóknarnefnd Stóra-Áss sóknar með fullu samráði og atkvæði sóknarprestsins um hvað eina.

Stóra-Ási, 26. júlí 1931.

Ástriður Jónsdóttir.

S A M Þ Y K K T

89

19. sept.

um

viðauka við samþykkt nr. 86, 18. sept. 1930 um breyting á samþykkt 16. marz 1926, um sýsluvegasjóð Skagafjarðarsýslu.

Eftirgreindur viðauki bætist við samþykkt nr. 86, 18. sept. 1930, um breyting á samþykkt 16. marz 1926, um sýsluvegasjóð Skagafjarðarsýslu:

Ennfremur skulu eftirgreindir vegir vera sýsluvegir, með sömu skilyrðum og Miðvegur í Hegranesi.

- a. Skagavegur í Skefilsstaðahreppi, frá Selárbrú út hið efra að Hrauni á Skaga.
- b. Reykjastrandavegur í Skarðshreppi, frá Gönguskarðsárbrú að Reykjum á Reykjaströnd.
- c. Sæmundarhlíðarvegur, af sýsluveginum hjá Geitagerði fram Sæmundarhlíð á Þjóðveginn á Vatnsskarði.
- d. Kjálkavegur í Akrahreppi, frá Norðurá að Merkgigli.
- e. Kolbeinsdalsvegur í Hólahreppi, frá Kolkubrú að Fjalli í Kolbeinsdal.
- f. Sléttuhlíðarvegur í Fellshreppi, frá vegamótum við Tjarnir um Skálá að Heiði.